

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/357****2023/EES/62/31****frá 4. mars 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/395 að því er varðar flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákvarða kröfurnar fyrir flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL-skírteini) í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Í ljósi þess að veiting fluglíðaskírteina fyrir loftbelgi er sérstaks eðlis ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur um veitingu skírteina í sjálfstæðum reglugerðum. Þessar kröfur ættu að byggjast á almennu reglunum um veitingu fluglíðaskírteina sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾. Hins vegar ætti að endurskipuleggja og einfalda kröfurnar til að tryggja að þær séu hlutfallslegar og byggist á áhættumiðaðri nálgun, á sama tíma og tryggt er að flugmenn loftbelgja séu hæfir til að sinna starfi sínu og skyldum.
- 3) Samkvæmt 3. lið 2. mgr. a í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 er aðildarríkjunum heimilt, til 8. apríl 2020, að beita áfram landsbundnum reglum um skírteini sem veita aðgang að grunnréttindum flugmanna. Nokkur aðildarríki hafa í þessu samhengi tilkynnt framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins að áframhaldandi beiting þessara landsbundnu reglna um skírteini, þar sem flugnemar neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits og fá grunnréttindi í áföngum, stuðli að því að efla sport- og tómsundaflug, því það veitir greiðari og enn hagkvæmari aðgang að flugi. Að stuðla að greiðari aðgangi að almannaflugi er í samræmi við markmiðin í vegvísi Flugöryggisstofnunar Evrópu um almannaflug, sem miðar að því að skapa hóflega, sveigjanlegra og virkara reglukerfi ⁽³⁾. Af þessum sökum ætti aðildarríkjunum að vera frjálst að beita áfram þessum landsbundnu reglum um skírteini, í samræmi við meginreglurnar sem voru innleiddar með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/430 ⁽⁴⁾, í þeim tilgangi að gefa út flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL-skírteini). Aðildarríkin ættu þó að upplýsa framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu þegar þeir nýta sér slíkar heimildir. Aðildarríkin ættu einnig að vakta notkun slíkra heimilda til þess að viðhalda viðunandi flugöryggisstigi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjómssýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(3) <https://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation/general-aviation-road-map>

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/430 frá 18. mars 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en flugmannsskírteini fyrir létt loftför er gefið út (Stjtið. ESB L 75, 19.3.2019, bls. 66).

- 4) Í því skyni að tryggja hnökralaus umskipti ættu öll vottorð, leyfi og samþykki, sem voru gefin út til flugmanna loftbelgja í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að halda gildi sínu. Breyta ætti þjóðarskírteinum loftbelgsflugmanna, sem gefin voru út fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, í skírteini sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð samkvæmt umbreytingarskýrslum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, að höfðu samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu.
- 5) Þjálfun loftbelgsflugmanna, sem hófst í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ætti að hljóta fulla viðurkenningu vegna þess að hún uppfyllir sömu eða enn umfangsmeiri þjálfunarkröfur en þær sem innleiddar eru með þessari reglugerð. Þjálfun loftbelgsflugmanna, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við I. viðauka við Chicago-samninginn, ætti að hljóta fulla viðurkenningu á grundvelli viðurkenningarskýrslna aðildarríkjanna.
- 6) Núverandi þjálfunarfyrirtæki ættu að fá viðeigandi tíma til að aðlaga þjálfunaráætlanir sínar að einfölduðu þjálfunarkröfunum, ef nauðsyn krefur.
- 7) Einnig ætti að uppfæra ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ⁽⁵⁾ að því er varðar starfrækslu loftbelgja, svo taka meg til greina fengna reynslu frá því að reglugerðin var samþykkt og til að skýra tiltekna þætti, svo sem framlagningu yfirlýsinga um starfrækslu í ábataskyni.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 01/2019 ⁽⁶⁾ í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (EB) nr. 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi: „Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139“.
- 2) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um flugrekstur með loftbelgi sem og um útgáfu og viðhald flugmannsskírteina og tengdra áritana, réttinda og vottorða fyrir loftbelgi, þegar slík loftför uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (*).“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

⁽⁶⁾ Álit nr. 01/2019, A- og B-hluti, 19.2.2019 sem ber titilinn *Easier access for GA pilots to IFR flying & Revision of the balloon and sailplane licensing requirements*. Aðgengilegt á: <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (*) nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessari grein:

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnarsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningssflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“

b) Eftirfarandi liður 7a bætist við:

„7a) „starfræksla í ábataskyni“: hvers konar starfræksla loftbelgs, gegn greiðslu eða annars konar gjaldi, fyrir almenning eða ef starfrækslan er ekki fyrir almenning fer hún fram samkvæmt samningi milli flugrekanda og viðskiptavinar þar sem sá síðarnefndi stjórnar flugrekandanum ekki með neinum hætti.“

c) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10) „kynnisflug“: allur flugrekstur gegn greiðslu eða annars konar gjaldi sem samanstendur af stuttri flugferð í þeim tilgangi að laða að nýja nemendur eða nýja meðlimi, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10 gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug.“

d) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12) „samningur um tómaleigu“: samningur milli fyrirtækja um starfrækslu loftbelgs á ábyrgð leigutaka.“

e) Eftirfarandi 13.-15. liðir bætast við:

„13) „þjóðarskirteini“: flugmannsskirteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landslöggið fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluti) við þessa reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda,

14) „skirteini samkvæmt BFCL-hluta“: fluglíðaskirteini sem uppfyllir kröfur III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð,

15) „umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skirteini í skirteini samkvæmt BFCL-hluta.“

4) Ákvæðum 2. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„2. Flugrekendur loftbelgja skulu eingöngu stunda starfrækslu í ábataskyni eftir að hafa tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast starfrækslu loftbelgs.“

b) Önnur undirgrein fellur brott.

c) Þriðju undirgrein er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Fyrsta undirgrein gildir ekki um eftirfarandi starfrækslu loftbelgja.“

ii. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) kynnisflug með fjórum einstaklingum eða færri, þ.m.t. flugstjóranum, og flug vegna fallhlífarstökk, sem fram fer annaðhvort á vegum þjálfunarfyrirtækis, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og er með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki, eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómstundaflug, að því tilskildu að fyrirtækið starfræki loftbelginn á grundvelli eignarhalds eða samnings um tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins og að slíkt flug sé aðeins litill hluti af starfsemi fyrirtækisins,

d) þjálfunarflug sem fer fram á vegum þjálfunarfyrirtækis sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og er með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki.“

5) Eftirfarandi 3. gr. a til 3. gr. d bætast við á eftir 3. gr.:

„3. gr. a

Flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð

1. Með fyrirvara um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) (*) skulu flugmenn loftfara, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
2. Sem undanþága frá þeim réttindum sem handhafar skírteina hafa, eins og skilgreint er í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð, er handhöfum slíkra skírteina heimilt að starfrækja flug sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr. án þess að uppfylla kröfurnar í lið BFCL.215 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.
3. Aðildarríki getur heimilað flugnemum, sem sitja þjálfunarnámskeið fyrir BPL-skírteini, að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en þeir uppfylla allar kröfur sem eru nauðsynlegar fyrir útgáfu BPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta), sbr. þó öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) umfang þeirra réttinda sem veitt eru byggist á öryggisáhættumati sem aðildarríkið framkvæmir, að teknu tilliti til umfangs nauðsynlegrar þjálfunar, til að flugmaðurinn nái æskilegu hæfnistigi,
 - b) takmarka skal réttindin við eftirfarandi:
 - i. allt yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða hluta af því, sem veitir heimildina,
 - ii. loftbelgi sem eru skráðir í aðildarríkinu sem veitir heimildina,
 - c) handhafi slíkrar heimildar, sem sækir um útgáfu BPL-skírteinis, skal fá þjálfunina, sem innt er af hendi samkvæmt heimildinni, metna og skal aðildarríkið ákvarða matið á grundvelli tilmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki (ATO) eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki (DTO),
 - d) aðildarríkið skal leggja skýrslur og öryggisáhættumat fyrir framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins á þriggja ára fresti,
 - e) aðildarríkið skal vakta hvernig heimildin, sem gefnar eru út samkvæmt þessari málsgrein, eru notaðar til að tryggja viðunandi flugöryggisstig og grípa til viðeigandi aðgerða ef aukin öryggisáhætta eða einhver annar öryggisvandi greinist.

3. gr. b

Núverandi flugmannsskírteini og þjóðarheilbrigðisvottorð

1. Skírteini samkvæmt FCL-hluta fyrir loftbelgi og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út af aðildarríki fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem fylgja því sniði sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 þegar þau endurútgefa skírteini af stjórnsýslulegum ástæðum eða að beiðni skírteinishafa.
2. Þegar aðildarríki endurútgefur skírteini og tengd réttindi, áritanir og vottorð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin, eftir því sem við á:
 - a) flytja öll réttindin sem þegar hafa verið skráð í skírteini samkvæmt FCL-hluta yfir á hið nýja snið skírteinis,
 - b) breyta réttindunum, sem tengjast skírteini samkvæmt FCL-hluta, fyrir flug í tjóðruðum loftbelg eða starfrækslu í ábataskyni, yfir í áritun fyrir flug í tjóðruðum loftbelg eða áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við ákvæði liðar BFCL.200 og BFCL.215 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð,
 - c) skrá í leiðarflugbók flugmanns þá dagsetningu sem flugkennaravottorð, sem tengist skírteini samkvæmt FCL-hluta, fellur úr gildi eða gefa út jafngilt skjal. Eftir þann dag skulu þessir flugmenn aðeins neyta kennararéttinda ef þeir uppfylla kröfurnar í lið BFCL.360 í III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.
3. Handhöfum þjóðarskírteina fyrir loftbelgi, sem aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluti) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skal vera heimilt að neyta áfram réttinda skírteina sinna fram til 8. apríl 2021. Fyrir þann dag skulu aðildarríkin hafa breytt þessum skírteinum í skírteini samkvæmt BFCL-hluta og tengdum áritunum, réttindum og vottorðum í samræmi við þá þætti sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar í 4. og 5. mgr. 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna í tengslum við skírteini, eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar og aðildarríki gefur út fyrir þann dag sem III. viðauki (BFCL-hluta) við þessa reglugerð kemur til framkvæmda, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2021, eftir því hvort er á undan. Við framlengingu á þessum heilbrigðisvottorðum skal fara að kröfum IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

3. gr. c

Viðurkenning fyrir þjálfun sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda

1. Að því er varðar útgáfu á skírteinum samkvæmt BFCL-hluta og tengdum réttindum, áritunum eða vottorðum, í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð, skal þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, teljast uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð, að því tilskildu að BPL-skírteinið sé gefið út eigi síðar en 8. apríl 2021. Í því tilviki gildir eftirfarandi:
 - a) þjálfun fyrir útgáfu BPL-skírteinis sem hófst í loftbelgjum sem falla undir flokk hitaloftskipa, þ.m.t. tengdar prófanir, má ljúka á þessum loftbelgjum,
 - b) veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í b-lið BFCL.130 í III. viðauka fyrir þá þjálfunartíma sem lokið er í flokki hitaloftbelgja í öðrum loftbelgjum en þeim sem falla undir hóp A í þessum flokki loftbelgja.
2. veita skal viðurkenningu fyrir þjálfun, sem hófst fyrir þann dag sem þessi reglugerð eða I. viðauki (FCL-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur til framkvæmda, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, í tengslum við útgáfu skírteina samkvæmt BFCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríkinu í samráði við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.
3. Í viðurkenningarskýrslunni, sem um getur í 2. mgr., skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur úr BFCL-hluta viðurkenning er veitt fyrir og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skírteini samkvæmt BFCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að staðfesta umfang þjálfunarinnar sem og afrit af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

3. gr. d

Þjálfunarfyrirtæki

1. Þjálfunarfyrirtæki fyrir flugmannsskírteini, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu uppfylla kröfurnar í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
2. Þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sem hafa samþykki sem gefið er út í samræmi við VII. viðauka (ORA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafa lagt fram yfirlýsingu í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 8. apríl 2021.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 4. mars 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).“

- 6) Ákvæðum I. viðauka (DEF-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 7) Ákvæðum II. viðauka (BOP-hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 8) Nýr III. viðauki (BFCL-hluta) bætist við, eins og sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka „skilgreiningar“ (DEF-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem og skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 sem og í lið FCL.010 í I. viðauka (FCL-hluta) þeirrar reglugerðar, nema hugtökin séu skilgreind á annan hátt í þessum viðauka.“

2) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

„1. „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar,

2. „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,“.

3) Eftirfarandi liður 11a bætist við:

„11a. „fartími“: sá heildartími frá því að karfan lyftist frá jörðu í því skyni að hefja sig á loft þar til að hún stöðvast að afloknu flugi,“.

4) Eftirfarandi liðir 17a og 17b bætast við:

„17a. „flokkur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum sem tekur tillit til þeirra aðferða sem notaðar eru til að halda flugi,

17b. „hæfnipróf“: sýnt fram á færni í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð um nýlega reynslu, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,“.

5) Í stað 22. liðar kemur eftirfarandi:

„22. „hópur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum þar sem tekið er tillit til stærðar eða rúmmáls belgsins,“.

6) Eftirfarandi 23.-26. liðir bætast við:

„23. „færnipróf“: sýnt fram á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, eða viðbótarréttinda, þ.m.t. þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast,

24. „hæfnismat“: sönnun á hæfni, þekkingu og viðhorfi vegna fyrstu útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar kennaravottorðs eða prófdómaravottorðs,

25. „einflug“: flug þar sem flugnemi er einn í loftbelgnum,

26. „flug í tjóðruðum loftbelg“: flug með tjóðrunarbúnaði sem heldur loftbelgnum föstum við fastan punkt meðan á starfrækslu stendur, að undanskildum tjóðrunarbúnaði sem má nota sem hluta af verklagi við flugtak.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka „flugrekstur loftbelgja“ (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar BOP.BAS.010 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandi skal, að beiðni þess lögbæra yfirvalds sem sannreynir að flugrekandinn fari enn að ákvæðum 2. liðar a-liðar í lið ARO.GEN.300 í II. viðauka (ARO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sýna fram á að hann fari að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

2) Í stað liðar BOP.BAS.020 kemur eftirfarandi:

„BOP.BAS.020 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Flugrekandinn skal innleiða:

- a) öryggisráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið liðar ARO.GEN.135 í II. viðauka (ARO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og
- b) lofthæfifyrirmæli og aðrar skyldubundnar upplýsingar sem Flugöryggisstofnunin gefur út í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“

3) Í stað liðar BOP.BAS.025 kemur eftirfarandi:

„BOP.BAS.025 Tilnefning sem flugstjóri

Flugrekandinn skal tilnefna flugstjóra sem hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við þessa reglugerð.“

4) Í stað c-liðar BOP.BAS.300 kemur eftirfarandi:

„c) Mælitæki og búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum lið, sem og annar búnaður sem ekki er krafist samkvæmt þessum viðauka en er þó hafður með um borð í loftbelg á flugi, skulu uppfylla eftirfarandi tvö skilyrði:

- 1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum eða búnaði, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,
- 2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi loftbelgsins, jafnvel ef um er að ræða bilun eða ólag.“

5) Í stað a-liðar BOP.ADD.005 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn ber ábyrgð á að loftbelgurinn sé starfræktur í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, kröfur þessa kafla og yfirlýsingu sína.“

6) Í stað a-liðar BOP.ADD.015 kemur eftirfarandi:

„a) Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, skal flugrekandinn veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, hvenær sem er aðgang að öllum starfsstöðvum, loftbelgjum, skjólum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi flugrekandans sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, óháð því hvort starfsemin hefur verið útvistuð eða ekki.“

7) Í stað liðar BOP.ADD.035 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.035 Útvistuð starfsemi

Ef flugrekandinn útvistar hluta af starfsemi sinni, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, skal hann bera ábyrgð á því að stofnunin eða fyrirtækið, sem samið er við, annist starfsemina í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfurnar í þessari reglugerð. Flugrekandinn skal einnig tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að stofnuninni eða fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort flugrekandinn uppfylli þessar kröfur.“

8) Í stað a-liðar BOP.ADD.040 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar og að starfsemin geti farið fram í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og við kröfur þessarar reglugerðar. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.“

9) Í stað liðar BOP.ADD.045 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.045 Kröfur um aðstöðu

Flugrekandinn skal búa yfir aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stýra öllum verkefnum og þeirri starfsemi sem þörf er á til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

10) Í stað a-liðar BOP.ADD.100 kemur eftirfarandi:

„a) Í yfirlýsingunni sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. skal flugrekandi staðfesta að hann uppfylli og muni halda áfram að uppfylla grunnkröfunar sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og kröfunar í þessari reglugerð.“

11) Í stað a-liðar BOP.ADD.105 kemur eftirfarandi:

„a) Flugrekandinn skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstöðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum þessarar reglugerðar, eins og þær eru tilkynntar lögbæra yfirvaldinu, og allar breytingar að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í b-lið BOP.ADD.100 og skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem um getur í c-lið BOP.ADD.100, eins og þær eru skráðar í eða fylgja yfirlýsingunni.“

12) Í stað c-liðar BOP.ADD.115 kemur eftirfarandi:

„c) Ef loftbelgur sem er skráður í þriðja landi fellur undir samning um tómaleigu skal flugrekandi slíks loftbelgs tryggja að farið sé að grunnkröfunum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem eru settar fram í II. og V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og að kröfum þessarar reglugerðar.“

13) Í stað c-liðar BOP.ADD.300 kemur eftirfarandi:

„c) Allir flugliðar skulu vera handhafar skírteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð og skulu vera viðeigandi fyrir þau skyldustörf sem þeim eru falin.“

14) Í stað e-liðar BOP.ADD.300 kemur eftirfarandi:

„e) Þegar flugrekandinn ræður til sín flugliða, sem vinna í lausamennsku eða í hlutastarfi, skal hann ganga úr skugga um að farið sé að öllum eftirfarandi kröfum:

- 1) kröfum þessa kafla,
- 2) ákvæðum III. viðauka við þessa reglugerð, þ.m.t. kröfum um nýlega reynslu,
- 3) fartíma- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma í samræmi við landslög aðildarríkisins þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem flugliðinn veitir öðrum flugrekendum.“

15) Í stað b-liðar BOP.ADD.305 kemur eftirfarandi:

„b) Flugrekandinn skal aðeins tilnefna flugmann sem flugstjóra ef viðkomandi hefur:

- 1) réttindi til að starfa sem flugstjóri í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,
- 2) þá lágmarksreynslu sem tilgreind er í rekstrarhandbókinni og
- 3) fullnægjandi þekkingu á svæðinu sem fljúga á yfir.“

16) Í stað liðar BOP.ADD.310 kemur eftirfarandi:

„BOP.ADD.310 Tilhögun þjálfunar og hæfniprófa

Öll þjálfun og hæfnipróf flugliða sem krafist er samkvæmt lið BOP.ADD.315 skal fara fram sem hér segir:

- a) í samræmi við þær þjálfunaráætlanir og -námskrár sem flugrekandinn hefur skráð í rekstrarhandbókina,
- b) af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi og, að því er varðar flugþjálfun og hæfnipróf, af hálfu einstaklinga með viðeigandi réttindi í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.“

17) Í stað viðbættisins kemur eftirfarandi:

„Viðbætur

YFIRLÝSING				
í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395				
Flugrekandi				
Heiti:				
Staður þar flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar:				
Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:				
Starfræksla loftbelgja				
Upphafsdagur starfrækslu í ábataskyni og, ef við á, dagsetning breytingar á fyrirliggjandi starfrækslu í ábataskyni.				
Upplýsingar um loftbelg eða loftbelgi sem notaðir eru, starfrækslu í ábataskyni og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi: ⁽¹⁾				
Tegund loftbelgs	Einkennisstafir loftbelgs	Höfuðstöðvar	Tegund eða tegundir starfrækslu ⁽²⁾	Fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ⁽³⁾
Eftir atvikum, skrá yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísanir í tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar (sem viðauki við þessa yfirlýsingu):				
Yfirlýsingar				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn uppfyllir og mun halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/395. Flugrekandinn sinnir einkum starfrækslu sinni í ábataskyni í samræmi við eftirfarandi kröfur í ADD-kafla í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/395:				
<input type="checkbox"/> Gögn stjórnunarkerfisins, þ.m.t. rekstrarhandbókin, uppfylla kröfurnar í ADD-kafla og öll flug munu fara fram í samræmi við ákvæði rekstrarhandbókarinnar eins og krafist er í b-lið BOP.ADD.005 í ADD-kafla.				
<input type="checkbox"/> Allir loftbelgir, sem eru starfræktir, hafa annaðhvort lofthæfivottorð sem er gefið út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða þeir uppfylla sértækar lofthæfikerfur sem gilda um loftbelgi, sem eru skráðir í þriðja landi og falla undir samning um þjónustuleigu eða samning um tómaleigu, eins og krafist er í lið BOP.ADD.110 og í b- og c-lið BOP.ADD.115 í ADD-kafla.				
<input type="checkbox"/> Allir flugliðar eru handhafar skirteinis og áritana, sem gefin eru út eða samþykkt í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/395, eins og krafist er í c-lið liðar BOP.ADD.300 í ADD-kafla.				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn mun tilkynna lögbæra yfirvaldinu um hvers konar breytingar á aðstæðum sem hafa áhrif á hvort farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139, og að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/395, eins og þær eru tilkynntar lögbæru yfirvaldi með þessari yfirlýsingu, og um allar breytingar á upplýsingum og skráum yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem er að finna í og fylgja með þessari yfirlýsingu, eins og krafist er í a-lið BOP.ADD.105 í ADD-kafla.				
<input type="checkbox"/> Flugrekandinn staðfestir að allar upplýsingar sem fram koma í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar, eru tæmandi og réttar.				
Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns				
⁽¹⁾ Fylla skal út töfluna. Ef ekki er nægilegt rými til að skrá upplýsingarnar skulu þær skráðar í sérstökum viðauka. Viðaukinn skal dagsettur og undirritaður.				
⁽²⁾ „Tegund eða tegundir starfrækslu“ vísar til tegundar starfrækslu loftbelgs í ábataskyni.				
⁽³⁾ Í upplýsingum um fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal koma fram nafn fyrirtækisins, heimilisfang og tilvísunarnúmer samþykkis.“				

*III. VIÐAUKI**„III. VIÐAUKI***KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU FLUGLÍÐASKÍRTEINA FYRIR LOFTBELGI****[BFCL-HLUTI]***GEN-KAFLI***ALMENNAR KRÖFUR****BFCL.001 Gildissvið**

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi (BPL-skírteina) og tengdra réttinda, áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

BFCL.005 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríkið tilnefni til að taka við umsóknum einstaklinga um BPL-skírteini eða tengd réttindi, áritanir eða vottorð.

BFCL.010 Flokkar og hópar loftbelgja

Að því er varðar þennan viðauka skulu loftbelgir flokkaðir í eftirfarandi flokka og hópa:

- a) flokkur „hitaloftbelgja“:
 - 1) hópur A: rúmmál belgs allt að 3400 m³ (120 069 fet³),
 - 2) hópur B: rúmmál belgs milli 3401 m³ (120 070 fet³) og 6000 m³ (211 888 fet³),
 - 3) hópur C: rúmmál belgs milli 6001 m³ (211 889 fet³) og 10 500 m³ (370 804 fet³),
 - 4) hópur D: rúmmál belgs meiri en 10 500 m³ (370 804 fet³),
- b) flokkur „gasloftbelgja“,
- c) flokkur „hita-/gasloftbelgja“,
- d) flokkur „hitaloftskipa“.

BFCL.015 Umsókn um og útgáfa, framlenging og endurnýjun BPL-skírteinis sem og tengdra réttinda, áritana og vottorða

- a) Umsókn um eftirfarandi skal lögð fyrir lögbæra yfirvaldið á því formi og á þann hátt sem viðkomandi lögbært yfirvald ákveður:
 - 1) útgáfu BPL-skírteinis og tengdar áritanir,
 - 2) viðbótarréttindi BPL-skírteinis,
 - 3) útgáfu vottorðs flugkennara (á loftbelgi) (FI(B)),
 - 4) útgáfu, framlengingu og endurnýjun flugprófdómaravottorðs (fyrir loftbelgi) (FE(B)) og
 - 5) breytingar á BPL-skírteininu og tengdum réttindum, áritunum og vottorðum.
- b) Gögn sem sýna fram á að umsækjandinn fari að viðeigandi kröfum, sem komið er á í þessum viðauka og í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu fylgja umsóknum sem tilgreindar eru í a-lið.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá í skírteinið eða vottorðið allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veitir.
- d) Einstaklingur skal aldrei hafa nema eitt BPL-skírteini, sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.
- e) Skírteinishafi skal leggja fram umsóknir, samkvæmt a-lið, til lögbæra yfirvaldsins sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem skírteini hans eða hennar voru gefin út í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) eða I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á.

- f) Handhafi BPL-skírteinis getur óskað eftir því að lögbæra yfirvaldinu verði skipt út fyrir það lögbæra yfirvald sem annað aðildarríki tilnefni en í slíku tilviki skal nýja lögbæra yfirvaldið vera það sama fyrir öll skírteini sem hann er handhafi að.
- g) Umsækjendur skulu sækja um útgáfu BPL-skírteinis og tengdra áritana, réttinda eða skírteina eigi síðar en 6 mánuðum eftir að hafa lokið færniprófinu eða hæfnismatinu með fullnægjandi árangri.

BFCL.030 Færnipróf

Að lokinni þjálfun skulu umsækjendur um færnipróf leggja fram meðmæli samþykka þjálfunarfyrtækisins (ATO) eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækisins (DTO) sem bar ábyrgð á þeirri þjálfun sem þeir gengust undir, nema hvað varðar færnipróf til útgáfu áritunar fyrir starfrækslu í ábataskyni. Samþykka þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið skal veita prófdómara aðgang að þjálfunarskránum.

BFCL.035 Viðurkenning á fartíma

Viðurkenna skal að fullu allan fartíma umsækjenda um útgáfu BPL-skírteinis eða tengdra réttinda, áritunar eða vottorðs í einflugi, fartíma með kennara eða fartíma sem flugstjóri á loftbelg, upp í þann heildartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

BFCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum

- a) Þegar handhafar BPL-skírteina neyta réttinda BPL-skírteinis skulu þeir hafa eftirfarandi skjöl meðferðis:
 - 1) gilt BPL-skírteini,
 - 2) gilt heilbrigðisvottorð,
 - 3) persónuskilríki með mynd af honum eða henni,
 - 4) fullnægjandi gögn úr leiðarflugbók til að sýna fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka.
- b) Flugnemar skulu hafa eftirfarandi skjöl meðferðis á öllum einflugum:
 - 1) þau skjöl sem tilgreind eru í 2. og 3. lið a-liðar og
 - 2) gögn sem sýna fram á að þeir hafi heimild til að fljúga, eins og krafist er í a-lið BFCL.125.
- c) Handhafar BPL-skírteina eða flugnemar skulu tafarlaust framvísa skjölunum sem tilgreind eru í a- eða b-lið til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbæra yfirvaldsins.

BFCL.050 Skráning á fartíma

Handhafar BPL-skírteina og flugnemar skulu geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

BFCL.065 Réttindamissir handhafa BPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri eða meira, í tengslum við farþegaflutninga með loftbelg

Handhafar BPL-skírteina, sem náð hafa 70 ára aldri, skulu ekki starfa sem flugmenn loftbelgja, sem notaðir eru við farþegaflutninga með loftbelg.

BFCL.070 Takmörkun, tímabundin svipting eða afturköllun skírteina, réttinda, áritana og vottorða

- a) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla BPL-skírteini, sem og tengd réttindi, áritanir og vottorð, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum og málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, ef handhafi BPL-skírteinis fer ekki að grunnkröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 eða að kröfunum í þessum viðauka sem og í II. viðauka (BOP-hluta) við þessa reglugerð eða í IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
- b) Handhafar BPL-skírteina skulu tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbæra yfirvaldsins ef skírteini þeirra, réttindi, áritun eða vottorð hefur verið takmarkað, felld tímabundið úr gildi eða afturkallað.

*BPL-KAFLI***FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LOFTBELGI (BPL-SKÍRTEINI)****BFCL.115 BPL — Réttindi og skilyrði**

- a) Handhafi BPL-skirteinis hefur réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftbelgjum:
 - 1) án þóknunar í starfrækslu sem er ekki í ábataskyni,
 - 2) í starfrækslu í ábataskyni ef hann eða hún er handhafi áritunar fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við lið BFCL.215 í ADD-kafla í þessum viðauka.
- b) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar er handhafa BPL-skirteinis, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:
 - 1) að veita flugkennslu fyrir BPL-skirteinið,
 - 2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir BPL-skirteini,
 - 3) þjálfun, prófanir og mat á hæfni fyrir réttindi, áritanir og vottorð sem fylgja BPL-skirteini.
- c) Handhafar BPL-skirteina skulu aðeins neyta réttinda BPL-skirteinis ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur um nýlega reynslu og aðeins ef þeir hafa gilt heilbrigðisvottorð sem samsvarar þeim réttindum sem neytt er.

BFCL.120 BPL – Lágmarksaldur

Umsækjendur um BPL-skirteini skulu vera a.m.k. 16 ára gamlir.

BFCL.125 BPL – Flugnemi

- a) Flugnemar skulu ekki fljúga einir nema þeir hafi til þess heimild og séu undir umsjón flugkennara á loftbelgi.
- b) Flugnemar skulu vera a.m.k. 14 ára gamlir til að fljúga einflug.

BFCL.130 BPL – Kröfur um þjálfunarnámskeið og reynslu

Umsækjendur um BPL-skirteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Þetta námskeið skal vera sérsniðið að þeim réttindum sem sótt er um og skal innihalda:

- a) bóklega þekkingu eins og tilgreint er í a-lið BFCL.135,
- b) a.m.k. 16 flugkennslutíma í annaðhvort hitaloftblgjum, sem falla undir hóp A í þeim flokki, eða í gasloftbelgjum, þ.m.t. að lágmarki:
 - 1) 12 fartíma með kennara,
 - 2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og landingar og
 - 3) eitt einflug undir umsjón með fartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

BFCL.135 BPL – Próf í bóklegri þekkingu

- a) Bókleg þekking

Umsækjendur um BPL-skirteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar, sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

- 1) almennar námsgreinar:
 - i. lög og reglur um loftferðir,
 - ii. mannleg geta,
 - iii. veðurfræði,
 - iv. fjarskipti og
- 2) sérstakar námsgreinar er lúta að loftbelgjum:
 - i. flugeðlisfræði,
 - ii. verklagsreglur í flugi,

- iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,
 - iv. almenn þekking á loftförum varðandi loftbelgi og
 - v. flugleiðsaga.
- b) Ábyrgð umsækjandans
- 1) Umsækjandinn skal taka öll próf í bóklegri þekkingu í tengslum við BPL-skrifteini á ábyrgð lögbærs yfirvalds í einu og sama aðildarríkinu.
 - 2) Umsækjandinn skal aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar hann eða hún hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri og þegar samþykktu þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið, sem ber ábyrgð á þjálfun hans eða hennar, mælir með því.
 - 3) Meðmælin frá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykktu þjálfunarfyrtækið eða yfirlýsta þjálfunarfyrtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.
- c) Prófkörður
- 1) Umsækjandinn telst hafa staðist próf í bóklegri þekkingu ef hann eða hún nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið. Ekki skal beita refsieiningum.
 - 2) Umsækjandi er talinn, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka, hafa lokið, með fullnægjandi hætti, prófi í bóklegri þekkingu sem krafist er fyrir útgáfu BPL-skrifteinis ef hann eða hún hefur staðist öll þau próf í bóklegri þekkingu sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaks mánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst prófið.
 - 3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann eða hún þreyta öll prófin í bóklegri þekkingu á ný.
 - 4) Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki. Umfang þjálfunarinnar skal ákvarðast af samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandanna.
- d) Gildistími
- Prófið í bóklegri þekkingu skal gilda í 24 mánuði frá þeim degi sem umsækjandi stóðst prófið, í samræmi við 2. lið c-liðar.

BFCL.140 BPL – Viðurkenning á bóklegri þekkingu

Umsækjendur um útgáfu BPL-skrifteinis skulu hljóta viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í almennum námsgreinum, eins og tilgreint er í 1. lið a-liðar BFCL.135 ef þeir:

- a) eru handhafar skifteinis í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 eða
- b) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu, eins og tilgreint er í a-lið, svo fremi sem þetta er gert innan gildistímans sem tilgreindur er í d-lið BFCL.135.

BFCL.145 BPL – Færnipróf

- a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um BPL-skrifteini sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á loftbelg og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar þeim réttindum sem sótt er um.
- b) Umsækjendur skulu ljúka færniprófinu í sama flokki loftbelgja og þjálfunarnámskeiðinu er lokið í, í samræmi við lið BFCL.130 og ef um er að ræða hitaloftblagi, í loftbelg sem fellur undir hóp A í þeim flokki.
- c) Til þess að taka færnipróf fyrir útgáfu BPL-skrifteinis skal umsækjandinn fyrst standast prófið sem krafist er í bóklegri þekkingu.
- d) Prófkörður
 - 1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs í loftbelg.
 - 2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta fellur hann í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann eða hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að endurtaka allt prófið.

- 3) Ef umsækjandinn þarf að endurtaka prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal umsækjandinn endurtaka allt prófið.
- e) Hafir umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann eða hún gangast undir frekari verklega þjálfun.

BFCL.150 BPL – Viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja

- a) Réttindi BPL-skirteinisins skulu takmarkast við þann flokk loftbelgja sem færniprófið, sem tilgreint er í lið BFCL.145, var tekið í og, ef um er að ræða hitaloftbelgi, við hóp A í þeim flokki.
- b) Ef um er að ræða hitaloftbelgi skal veita viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindi BPL-skirteinisins nái til annars hóps innan flokks hitaloftbelgja ef flugmaður hefur að lágmarki lokið við eftirfarandi:
 - 1) tveimur kennsluflugum með flugkennara á loftbelgi (FI(B)) í loftbelg í viðeigandi hópi og
 - 2) eftirfarandi fjölda fartíma sem flugstjóri í loftbelgjum:
 - i. að lágmarki 100 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi B,
 - ii. að lágmarki 200 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi C,
 - iii. að lágmarki 300 klst., ef sótt er um réttindi fyrir loftbelgi í hópi D.
- c) Að undanskildum flokki hita-/gasloftbelgja skal veita viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindi BPL-skirteinisins nái til annars flokks loftbelgja eða, ef sótt er um réttindi fyrir hitaloftbelgi, til hóps A í flokki hitaloftbelgja, ef flugmaður hefur lokið eftirfarandi í viðeigandi flokki og hópi loftbelgja:
 - 1) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki, þ.m.t.:
 - i. fimm fartímum með kennara eða
 - ii. þegar um er að ræða viðbótarréttindi fyrir hitaloftskip þannig að þau nái til hitaloftbelgja: 5 fartímum með kennara og
 - 2) færniprófi þar sem flugmaðurinn hefur sýnt flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) fram á fullnægjandi bóklega þekkingu fyrir hinn flokkinn í eftirfarandi námsgreinum:
 - i. flugeðlisfræði,
 - ii. verklagsreglur í flugi,
 - iii. afkastageta í flugi og gerð áætlana,
 - iv. almenn þekking á loftförum að því er varðar þann flokk loftbelgja sem sótt er um viðbótarréttindi fyrir.
- d) Þegar þjálfuninni, sem tilgreind er í 1. lið b-liðar og 1. lið c-liðar, er lokið skal það skráð í leiðarflugbók flugmannsins og færslan undirrituð af eftirfarandi aðila:
 - 1) í tilviki 1. liðar b-liðar, þeim kennara sem ber ábyrgð á kennslufluginu og
 - 2) í tilviki 1. liðar c-liðar, skólastjóra samþykktis þjálfunarfyrtækis eða yfirlýsts þjálfunarfyrtækis sem ber ábyrgð á þjálfuninni.
- e) Handhafir BPL-skirteinis skal aðeins neyta réttindi sinna í flokki hita-/gasloftbelgja ef hann eða hún hefur réttindi fyrir bæði flokk hitaloftbelgja og flokk gasloftbelgja.

BFCL.160 BPL – Kröfur um nýlega reynslu

- a) Handhafir BPL-skirteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skirteinið veitir ef hann eða hún hefur lokið eftirfarandi í viðeigandi flokki loftbelgja:
 - 1) annaðhvort:
 - i. á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, a.m.k. 6 fartímum sem flugstjóri, þ.m.t. 10 flugtök og landingar sem flugstjóri eða í flugi með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi og
 - ii. á næstliðnum 48 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, a.m.k. einu þjálfunarflugi með flugkennara á loftbelgi eða
 - 2) á næstliðnum 24 mánuðum fyrir fyrirhugað flug, hæfniprófi í samræmi við c-lið.

- b) Til viðbótar við kröfurnar í a-lið, ef um er að ræða flugmann sem hefur réttindi til að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skal hann, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokknum eða flokkunum, hafa lokið a.m.k. þremur fartímum sem flugstjóri, í flugi með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi í hverjum viðbótarflokki loftbelgja á næstliðnum 24 mánuðum.
- c) Handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir ekki kröfurnar í 1. lið a-liðar og í b-lið, ef við á, áður en hann eða hún neytir réttinda sinna á ný, skal standast hæfnipróf með flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) í loftbelg sem fellur undir viðeigandi flokk.
- d) Þegar handhafi BPL-skírteinis sem hefur réttindi til að fljúga hitaloftbelgjum hefur uppfyllt kröfurnar í a-, b- eða c-lið, eftir því sem við á, skal hann aðeins neyta réttinda sinna á hitaloftbelgjum sem falla undir:
- i. sama hóp hitaloftbelgja og þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í ii. lið 1. liðar a-liðar, eða hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, eftir því sem við á, hefur verið lokið í, eða hóp loftbelgja sem eru með minni belg eða
 - ii. hitaloftbelgi í hópi A í þeim tilvikum þar sem flugmaður, í samræmi við b-lið, hefur lokið þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í 2. lið a-liðar, í öðrum flokki loftbelgja en flokki hitaloftbelgja.
- e) Þegar fartímum með kennara, fartímum undir umsjón kennara og þjálfunarflugi því sem um getur í 1. lið a-liðar og b-lið, sem og hæfniprófinu, sem tilgreint er í c-lið, er lokið, skal færa það í leiðarflugbók flugmannsins og skal færslan undirrituð af ábyrgum flugkennara á loftbelgi (FI(B)), ef um er að ræða 1. lið a-liðar og b-lið, eða, ef um er að ræða c-lið, ábyrgum flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)).
- f) Handhafi BPL-skírteinis, sem einnig hefur réttindi fyrir starfrækslu í ábataskyni, eins og tilgreint er í BFCL.215 í kafla ADD í þessum viðauka, skal teljast fara að kröfunum sem settar eru fram í:
- 1) a-lið og, ef við á, b-lið ef hann eða hún hefur lokið hæfniprófi í samræmi við i. lið 2. liðar d-liðar BFCL.215 í viðeigandi flokki eða flokkum loftbelgja á næstliðnum 24 mánuðum eða
 - 2) ii. lið 1. liðar a-liðar ef hann eða hún hefur lokið þjálfunarfluginu sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar BFCL.215 í viðeigandi flokki loftbelgja.
- Ef um er að ræða flokk hitaloftbelgja gilda þær takmarkanir sem tilgreindar eru í d-lið varðandi réttindi til að starfrækja mismunandi flokka loftbelgja, með hliðsjón af þeim flokki loftbelgja sem notaður er til að fara að ákvæðum 1. liðar eða 2. liðar f-liðar.

ADD-KAFLI

VIÐBÓTARÁRITANIR

BFCL.200 Áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelgjum

- a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins fljúga í tjóðruðum hitaloftbelg ef hann eða hún hefur áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg í samræmi við þennan lið.
- b) Til að sækja um áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg skal umsækjandinn:
- 1) hafa réttindi fyrir flokk hitaloftbelgja,
 - 2) fyrst ljúka a.m.k. tveimur kennsluflugstímum í tjóðruðum hitaloftbelg.
- c) Þegar þjálfun í tjóðruðum hitaloftbelg er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af þeim flugkennara á loftbelg sem ber ábyrgð á þjálfuninni.
- d) Flugmaður, sem hefur áritun fyrir flug í tjóðruðum hitaloftbelg, skal aðeins neyta réttinda sinna ef hann eða hún hefur lokið a.m.k. einu flugi í tjóðruðum hitaloftbelg á næstliðnum 48 mánuðum fyrir fyrirhugað flug eða, ef hann eða hún hefur ekki lokið slíku flugi, skal flugmaðurinn aðeins neyta réttinda sinna ef hann hefur framkvæmt flug í tjóðruðum loftbelg með kennara eða í einflugi undir umsjón flugkennara á loftbelgi. Að loknu slíku flugi með kennara eða einflugi undir umsjón skal það fært inn í leiðarflugbók flugmannsins og undirritað af flugkennaranum.

BFCL.210 Næturflegsáritun

- a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir við sjónflugsskilyrði að nóttu til ef hann eða hún hefur næturflegsáritun í samræmi við þennan lið.

- b) Umsækjandi um næturflugsráritun skal hafa lokið a.m.k. tveimur kennsluflugum að nóttu sem eru a.m.k. ein klst. hvort um sig.
- c) Þegar þjálfun vegna næturflugsráritunar er lokið skal það skráð í leiðarflugbókina og færslan undirrituð af þeim flugkennara á loftbelgi sem ber ábyrgð á þjálfuninni.

BFCL.215 Áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni

- a) Handhafi BPL-skírteinis skal aðeins neyta þeirra réttinda sem skírteinið veitir við starfrækslu loftbelgja í ábataskyni ef hann eða hún hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni í samræmi við þennan lið.
- b) Umsækjandi um áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni skal:
 - 1) hafa náð 18 ára aldri,
 - 2) hafa lokið 50 klst. fartíma og 50 flugtökum og landingum sem flugstjóri á loftbelgjum,
 - 3) hafa réttindi fyrir þann flokk loftbelgja þar sem réttinda fyrir starfrækslu í ábataskyni verður neytt og
 - 4) hafa staðist færniþróf í viðeigandi flokki loftbelgja þar sem hann eða hún hefur sýnt flugprófdómara fyrir loftbelgi (FE(B)) fram á hæfni sem krafist er fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni.
- c) Réttindin, sem áritunin fyrir starfrækslu í ábataskyni veitir, skulu takmörkuð við þann flokk loftbelgja sem umsækjandi lauk færniþrófinu á, í samræmi við 3. lið b-liðar. Veita skal viðbótarréttindi, ef óskað er eftir því, þannig að réttindin nái til annars flokks loftbelgja ef, að því er varðar þennan annan flokk, umsækjandinn uppfyllir ákvæði 3. og 4. liðar b-liðar.
- d) Flugmaður, sem hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni, skal aðeins neyta þeirra réttinda sem sú áritun veitir í tengslum við flutningaflug með loftbelg ef hann eða hún hefur lokið:
 - 1) innan 180 næstliðinna daga fyrir fyrirhugað flug:
 - i. a.m.k. þremur flugum sem flugstjóri á loftbelgjum og þar af skal a.m.k. eitt þeirra hafa verið í loftbelg í viðeigandi flokki eða
 - ii. einu flugi sem flugstjóri í loftbelg í viðeigandi flokki undir umsjón flugkennara á loftbelgi, sem hefur réttindi í samræmi við þennan lið og
 - 2) innan næstliðinna 24 mánaða fyrir fyrirhugað flug:
 - i. hæfniþrófi í loftbelg í viðeigandi flokki þar sem hann eða hún skal sýna flugprófdómara fyrir loftbelgi fram á hæfni sem krafist er fyrir flutningaflug með loftbelg eða
 - ii. upprifjunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki sem er sniðið að þeirri hæfni sem krafist er fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni, þ.m.t. að lágmarki sex klukkustunda bóklegri kennslu og einu þjálfunarflugi í loftbelg í viðeigandi flokki með flugkennara, sem hefur réttindi fyrir starfrækslu loftbelgja í ábataskyni í samræmi við þennan lið.
- e) Til að viðhalda þeim réttindum sem áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni veitir fyrir alla flokka loftbelgja skal flugmaður, sem hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni sem nær til fleiri flokka loftbelgja en eins, uppfylla kröfurnar í 2. lið d-liðar í a.m.k. einum flokki loftbelgja.
- f) Flugmaður, sem uppfyllir kröfur d-liðar og hefur áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni fyrir hitaloftbelgi, skal aðeins neyta þeirra réttinda sem áritunin veitir í flokki hitaloftbelgja á loftbelgjum sem eru:
 - i. í sama hópi hitaloftbelgja sem hæfniþrófinu, sem tilgreint er í i. lið 2. liðar d-liðar, eða þjálfunarfluginu, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar, hefur verið lokið í eða
 - ii. í hópi hitaloftbelgja sem eru með minni belg.
- g) Að loknu flugi undir umsjón, sem tilgreint er í ii. lið 1. liðar d-liðar, skal færa hæfniþrófið, sem tilgreint er í i. lið 2. liðar d-liðar, og upprifjunarþjálfunarnámskeiðið, sem tilgreint er í ii. lið 2. liðar d-liðar, inn í leiðarflugbók flugmannsins og undirrituð af skólástjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða þeim flugkennara eða þeim flugprófdómara sem bar ábyrgð á þjálfunarnámskeiðinu, umsjóninni eða hæfniþrófinu, eftir því sem við á.
- h) Flugmaður sem hefur lokið hæfniþrófi flugrekanda, í samræmi við lið BOP.ADD.315 í II. viðauka (BOP-hluta), skal teljast uppfylla kröfur i. liðar 2. liðar d-liðar.

*FI-KAFLI***FLUGKENNARAR***1. þáttur***Almennar kröfur****BFCL.300 Flugkennaravottorð**

a) Almennt

Kennari skal aðeins sjá um flugkennslu í loftbelg ef hann eða hún:

1) er handhafi:

- i. BPL-skírteinis, þ.m.t. þeirra réttinda, áritana og vottorða sem flugkennslan er veitt fyrir og
- ii. vottorðs flugkennara á loftbelgi sem er viðeigandi fyrir veitta kennslu og gefið út í samræmi við þennan kafla og

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftbelgsins meðan á flugkennslu stendur.

b) Kennsla sem veitt er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða flugkennslu sem veitt er á þjálfunarnámskeiði, sem samþykkt er í samræmi við þennan viðauka (BFCL-hluta) utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út flugkennaravottorð til umsækjenda sem er handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

- i. sé að minnsta kosti handhafi skírteinis sem felur í sér, ef við á, réttindi, áritanir eða vottorð sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að veita kennslu fyrir,
- ii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi með viðeigandi kennararéttindi og
- iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann eða hún geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.

2) Vottorðið er takmarkað við samþykktu flugkennslu:

- i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og
- ii. til handa flugnema sem hefur nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

*2. þáttur***Vottorð flugkennara á loftbelgi – FI(B)****BFCL.315 Vottorð flugkennara á loftbelgi– Réttindi og skilyrði**

a) Með fyrirvara um að umsækjendur fari að kröfum liðar BFCL.320 og eftirfarandi skilyrðum, skal gefa út vottorð flugkennara á loftbelgi með réttindi til að veita flugkennslu fyrir:

1) BPL-skírteini,

2) viðbætur við réttindin þannig að nái til annarra flokka og hópa loftbelgja, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið a.m.k. 15 fátímum sem flugstjóri í hverjum viðeigandi flokki,

3) næturflugsráritun eða áritun fyrir flug í tjóðruðum loftbelg, að því tilskildu að umsækjandinn hafi hlotið sértæka þjálfun í að veita kennslu fyrir viðeigandi áritun hjá samþykktu þjálfunarfyrrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrrtæki og

4) vottorð flugkennara á loftbelgi, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:

- i. lokið a.m.k. 50 tíma í flugkennslu á loftbelgjum og
- ii. í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, framkvæmt a.m.k. einn tíma í flugkennslu á loftbelg fyrir útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara á loftbelgi sem hefur réttindi í samræmi við þennan undirlið og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrrtæki.

b) Réttindin, sem um getur í a-lið, skulu fela í sér réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við:

- 1) útgáfu viðeigandi skírteinis, réttinda, áritana eða vottorðs og
- 2) framlengingu, endurnýjun eða hlítungu við viðeigandi kröfur um nýlega reynslu í þessum viðauka, eftir því sem við á.

BFCL.320 Flugkennari á loftbelgi – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu:

- a) vera a.m.k. 18 ára gamlir,
- b) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og 2. lið a-liðar í lið BFCL.300,
- c) hafa lokið 75 fartímum sem flugstjóri á loftbelg,
- d) hafa lokið þjálfunarnámskeiði fyrir kennara í samræmi við lið BFCL.330 hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki og
- e) hafa staðist hæfnismat í samræmi við lið BFCL.345.

BFCL.325 Hæfni flugkennara á loftbelgi og mat

Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

- a) undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,
- b) skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,
- c) miðla þekkingu,
- d) samtvinnu hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM),
- e) skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,
- f) greiða fyrir námi,
- g) meta frammistöðu nemans,
- h) vakta og endurskoða framvindu,
- i) meta þjálfunarsetu og
- j) skýra frá niðurstöðum.

BFCL.330 Flugkennari á loftbelgi – Þjálfunarnámskeið

- a) Umsækjendur um vottorð flugkennara á loftbelgi skulu fyrst standast tiltekið inntökumat hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki á næstliðnum 12 mánuðum fyrir upphaf þjálfunarnámskeiðsins til að meta getu viðkomandi til að sitja námskeiðið.
- b) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugkennara á loftbelgi skal a.m.k. fela í sér:
 - 1) þau atriði sem tilgreind eru í lið BFCL.325,
 - 2) 25 tíma í náms- og kennslufræði,
 - 3) 12 tíma í bóklegri kennslu, þ.m.t. framvindupróf, og
 - 4) þrjú tíma í flugkennslu, þ.m.t. þrjú flugtök og landingar.
- c) Umsækjendur, sem eru nú þegar handhafar kennaravottorðs í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 eða við I. viðauka (FCL-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 2. lið b-liðar.

BFCL.345 Flugkennari á loftbelgi – Hæfnismat

- a) Umsækjendur um útgáfu vottorðs flugkennara á loftbelgi skulu standast hæfnismat á loftbelg til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við c-lið BFCL.415, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu BPL-skírteinis.
- b) Matið skal fela í sér:
 - 1) að sýnt sé fram á hæfni, sem lýst er í lið BFCL.325, við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,

- 2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara á viðeigandi flokki loftbelgja,
- 3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

BFCL.360 Vottorð flugkennara á loftbelgi – Kröfur um nýlega reynslu

- a) Handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi skal aðeins neyta réttinda vottorðs síns þegar viðkomandi hefur lokið:
 - 1) innan þriggja næstliðinna ára áður en fyrirhugað er að neyta þessara réttinda:
 - i. upprifjunarþjálfun fyrir kennara hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki, yfirlýstu þjálfunarfyrtæki eða lögbæru yfirvaldi þar sem handhafinn skal hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir kennara á loftbelgi,
 - ii. a.m.k. 6 tímum í flugkennslu á loftbelgi sem flugkennari fyrir loftbelgi og
 - 2) innan næstliðinna níu ára og í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem komið er á fót af lögbæra yfirvaldinu í þeim tilgangi, einu kennsluflugi á loftbelgi sem flugkennari fyrir loftbelgi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara fyrir loftbelgi, sem hefur réttindi í samræmi við 4. lið a-liðar í lið BFCL.315 og tilnefndur er af skólastjóra hjá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki.
- b) Veita skal fulla viðurkenningu upp í kröfuna í ii. lið 1. liðar a-liðar fyrir klukkustundir sem flognar eru sem flugprófdómari fyrir loftbelgi í færniþrófum, hæfniþrófum eða við hæfnismat.
- c) Ef handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi hefur ekki lokið kennsluflugi undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennara fyrir loftbelgi, í samræmi við 2. lið a-liðar, skal hann eða hún ekki neyta réttinda vottorðs flugkennara á loftbelgi þar til hann eða hún hefur lokið hæfnismati með fullnægjandi hætti í samræmi við lið BFCL.345.
- d) Handhafi vottorðs flugkennara á loftbelgi, sem uppfyllir ekki allar kröfur a-liðar, skal uppfylla kröfuna í i. lið 1. liðar a-liðar og í lið BFCL.345 til þess að neyta á ný réttinda vottorðsins.

FE-KAFLI

FLUGPRÓFDÓMARAR

1. þáttur

Almennar kröfur

BFCL.400 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi

a) Almenn

Prófdómari skal aðeins framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat í samræmi við þennan viðauka ef hann eða hún:

1) er handhafi:

- i. BPL-skírteinis, þ.m.t. réttinda, áritana og vottorða sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat fyrir, og réttinda til að veita kennslu þar að lútandi,
- ii. flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi, þ.m.t. réttinda sem eru viðeigandi fyrir færniþrófið, hæfniþrófið eða hæfnismatið sem framkvæmt er, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) hefur rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftbelgs við færniþróf, hæfniþróf eða hæfnismat.

b) Próf sem haldin eru utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna

1) Þrátt fyrir 1. lið a-liðar, ef um er að ræða færniþróf og hæfniþróf sem haldin eru utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum, skal lögbæra yfirvaldið gefa út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi BPL-skírteinis sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, að því tilskildu að umsækjandinn:

- i. sé a.m.k. handhafi skírteinis þ.m.t., ef við á, réttinda, áritana eða vottorða sem jafngilda þeim sem hann eða hún hefur heimild til að framkvæma færniþróf eða hæfniþróf fyrir,

- ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs,
 - iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt prófdómararéttinda sinna í samræmi við þennan viðauka.
- 2) Vottorðið, sem vísað er til í 1. lið, skal takmarkast við það að framkvæma færni- og hæfnipróf:
- i. utan þess yfirráðasvæðis sem aðildarríkin bera ábyrgð á samkvæmt Chicago-samningnum og
 - ii. til handa flugmanni sem hefur nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.

BFCL.405 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómari fyrir loftbelgi skal ekki framkvæma:

- a) færnipróf eða hæfnismat umsækjanda vegna útgáfu skirteinis, áritunar eða vottorðs þegar prófdómari hefur sjálfur veitt umsækjanda meira en 50% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skirteini, áritun eða vottorð sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir eða
- b) færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat ef viðkomandi er ekki viss um að hann eða hún geti verið hlutlaus.

BFCL.410 Framkvæmd færniprófs, hæfniprófs og hæfnismats

- a) Þegar prófdómari fyrir loftbelgi framkvæma færnipróf, hæfnipróf og hæfnismat skulu þeir gera allt eftirfarandi:
 - 1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,
 - 2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum viðauka um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skirteinisins, réttindanna, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir og
 - 3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun hans eða hennar og flugreynslu.
- b) Að færniprófinu, hæfniprófinu eða hæfnismatinu loknu skal prófdómari fyrir loftbelgi:
 - 1) upplýsa umsækjandann um útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,
 - 2) ef umsækjandinn hefur staðist hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, skrá nýjan gildistíma í skirteini eða vottorð umsækjandans, ef prófdómari hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans,
 - 3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Skýrslan skal innihalda:
 - i. yfirlýsingu þess efnis að prófdómari fyrir loftbelgi hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans eða hennar og nám og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum viðauka,
 - ii. staðfestingu þess efnis að öllum tilskildum flugbrögðum og æfingum hafi verið lokið sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á; ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði skal prófdómari skrá ástæður þess í matinu sínu,
 - iii. útkomu færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins,
 - iv. yfirlýsingu um að prófdómari fyrir loftbelgi hafi farið yfir og beitt þeim landsbundnu málsmeðferðarreglum og kröfum sem gilda hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda, þegar lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á skirteini umsækjanda, er ekki sama yfirvaldið og gaf út prófdómaravottorðið,
 - v. afrit af vottorði prófdómara fyrir loftbelgi þar sem fram kemur umfang réttinda hans eða hennar sem prófdómari í tengslum við færnipróf, hæfnipróf eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.

- c) Prófdómariinn fyrir loftbelgi skal geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfnipróf og hæfnismöt sem framkvæmd eru og útkomu þeirra.
- d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi, eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skirteini umsækjandans, skal prófdómariinn fyrir loftbelgi leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

2. þáttur

Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – FE(B)

BFCL.415 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Réttindi og skilyrði

Með fyrirvara um að umsækjandi uppfylli bæði kröfurnar í lið BFCL.420 og eftirfarandi skilyrði, skal gefa út flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi, að fenginni beiðni, með réttindi til að framkvæma:

- a) færnipróf og hæfnipróf fyrir BPL-skirteini og færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir annan flokk loftbelgja, að því tilskildu að umsækjandinn hafi lokið 250 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þ.m.t. 50 tímum í flugkennslu, sem felur í sér allt námsefni þjálfunarnámskeiðs fyrir BPL-skirteini,
- b) færnipróf og hæfnipróf fyrir áritun fyrir starfrækslu í ábataskyni, eins og tilgreint er í lið BFCL.215, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli kröfurnar um reynslu, sem settar eru fram í a-lið, og hafi hlotið sértæka þjálfun í tengslum við samræmingarnámskeið fyrir prófdómara í samræmi við lið BFCL.430,
- c) hæfnismat fyrir útgáfu flugkennaravottorðs fyrir loftbelgi, að því tilskildu að umsækjandinn hafi:
 - 1) lokið 350 fartímum sem flugmaður á loftbelgi, þ.m.t. veitt umsækjanda um flugkennaravottorð fyrir loftbelgi 5 kennslutíma,
 - 2) hlotið sértæka þjálfun á samræmingarnámskeiði fyrir prófdómara í samræmi við lið BFCL.430.

BFCL.420 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Forsendur og kröfur

Umsækjendur um flugdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu:

- a) uppfylla kröfurnar í i. lið 1. liðar a-liðar og í 2. lið í lið BFCL.400,
- b) hafa lokið samræmingarnámskeiði flugprófdómara fyrir loftbelgi í samræmi við lið BFCL.430,
- c) hafa lokið hæfnismati í samræmi við lið BFCL.445,
- d) sýna fram á bakgrunn sem er viðeigandi fyrir réttindin sem fylgja flugprófdómaravottorðinu og
- e) sýna fram á að á næstliðnum þremur árum hafi viðkomandi ekki verið beitt neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllun skirteina, áritana eða vottorða, sem gefin eru út í samræmi við þennan viðauka, við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, fyrir að fylgja ekki reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

BFCL.430 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Samræmingarnámskeið

- a) Umsækjendur um flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu fara á samræmingarnámskeið sem annaðhvort lögbært yfirvald eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og sem viðkomandi lögbært yfirvald samþykkir.
- b) Samræmingarnámskeiðið skal sniðið að þeim réttindum flugprófdómara fyrir loftbelgi sem sótt er um og skal samanstanda af bóklegri og verklegri kennslu, þ.m.t. að lágmarki:
 - 1) framkvæmd að lágmarki eins færniprófs, hæfniprófs eða hæfnismats fyrir BPL-skirteini eða tengd réttindi eða vottorð,
 - 2) leiðbeiningar um viðeigandi kröfur þessa viðauka og viðeigandi kröfur um flugrekstur, um framkvæmd færni- og hæfniprófa og hæfnismats, ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,
 - 3) kynningu á eftirfarandi:
 - i. stjórnsýslumeðferð hvers ríkis,
 - ii. kröfum um vernd persónuupplýsinga,

- iii. ábyrgð prófdómara,
 - iv. slysatryggingu prófdómara,
 - v. landsbundnum gjöldum og
 - vi. upplýsingum um hvernig nálgast megi upplýsingarnar í i.–v. lið í tengslum við framkvæmd færniprófs, hæfniprófs eða mat á hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjandans er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans.
- c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi skal ekki framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða meta hæfni umsækjanda þegar lögbært yfirvald umsækjanda er ekki það sama og gaf út vottorð prófdómarans, nema viðkomandi hafi endurskoðað nýjustu fyrirliggjandi upplýsingarnar sem fela í sér viðeigandi landbundna málsmeðferð hjá lögbæru yfirvaldi umsækjanda.

BFCL.445 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Hæfnismat

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi skal sýna hæfni sína sem flugprófdómari fyrir loftbelgi frammi fyrir eftirlitsmanni frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi. Meðan á hæfnismatinu stendur skal umsækjandinn framkvæma færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat, þ.m.t. kynningu, framkvæmd færniprófsins, hæfniprófsins eða hæfnismatsins, auk mats á þeim einstakling sem þreytir færniprófið, hæfniprófið eða hæfnismatið, og eftirflugsgreiningu og skráningu gagna.

BFCL.460 Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi – Gildistími, framlenging og endurnýjun

- a) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal gilda í fimm ár.
- b) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal framlengt ef handhafi þess hefur:
 - 1) meðan á gildistíma flugprófdómaravottorðsins fyrir loftbelgi stendur, lokið upprifjunarnámskeiði fyrir prófdómara, sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt er af viðkomandi lögbæru yfirvaldi, og á þeim tíma skal handhafinn hljóta bóklega kennslu til að rifja upp og uppfæra þá þekkingu sem skiptir máli fyrir prófdómara fyrir loftbelgi og
 - 2) á næstliðnum 24 mánuðum áður en gildistími vottorðsins rennur út, framkvæmt eitt færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismat undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati eftirlitsmanns frá lögbæra yfirvaldinu eða prófdómara sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á flugprófdómaravottorðinu fyrir loftbelgi.
- c) Handhafi flugprófdómaravottorðs fyrir loftbelgi sem er einnig handhafi eins eða fleiri prófdómaravottorða fyrir aðrar gerðir loftfara, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, getur, með samþykki lögbæra yfirvaldsins, fengið samræmda framlengingu allra prófdómaravottorða sem hann hefur.
- d) Ef flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi er útrunnið skal handhafi þess uppfylla kröfurnar í 1. lið b-liðar og lið BFCL.445 áður en hann eða hún getur haldið áfram að neyta réttinda flugprófdómaravottorðsins fyrir loftbelgi.
- e) Flugprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í lið BFCL.410 sem og kröfunum í d- og e-lið í lið BFCL.420.